

Hrím

Nánari upplýsingar um Hrím 80 og 108 – Staðlaðar útgáfur:

GÓLF:

Húsin eru hönnuð á steypa plötu sem kaupandi útvegar

VEGGIR:

Útveggir: Timburgrind útveggja er 45x145 mm, klædd að utan með 12mm rakapólum krossvið.

Útveggir eru klæddir að utan með 21mm standandi bandsöguðum grenipanel á 21+25 mm legtum. Klæðning er ómeðhöndluð (ómáluð).

Gert er ráð fyrir 6" steinnur sem passar á milli stoða sem er sett inn í útveggjagrind innanfrá eftir að búið er að reisa húsið.

Innveggir: Timburgrind innveggja er 45x95 mm, klædd með 12mm grenikrossvið á báðum hliðum (önnur hliðin kemur ekki áföst en tilnsiðin svo að aðgengi fyrir það sem koma á fyrir inni í veggjum sé greitt).

ÞAK:

Pakupbygging er mismunandi eftir húshlutum. Allur viður í sperrum er af styrkleika C24. Að örðu leyti er vísað í teikningu hönnuðar. *ATH. Í þessu tiltekna húsi hafa verið gerðar breytingar á hönnun. Landshús útvegar hluta af efni með breytingum og kaupandi útvegar hluta sem upp á vantar, vísað er í samskipti varðandi það.*

Pakklæðning eru 21mm nótuð greniborð og kemur hún í metrávis – *ATH. Í þessu tiltekna húsi hefur pakklæðningu verið breytt í krossvið, 250fm í heilum plötum fylgja með.* Endanlegt þakefni er litað stál sem fest er með lituðum skrúfum, upptekið á tvöfalt legtukerfi með Siga þakdúk í undirlag. Allur frágangur á þaki, þ.e.a.s. þakflasningar á göflum húss ofan á þakant ásamt flasningum ofan í þakrennur (efri og neðri flasning skv. hönnun), fylgir með tilnsið.ð.

GLUGGAR OG HURÐIR

Gluggar og hurðir eru úr máluðu eða álklæddu timbri, eftir óskum kaupanda, og eru með CE vottun. Hurð er með læsingu frá Assa (hægt að velja um eins- eða 3ja punkta læsingu). Gluggar koma glerjaðir með tvöföldu gleri. Í gólfsíðum gluggum er öryggisgler. Allar blikkflasningar/vatnsbretti undir og yfir glugga og hurð fylgja ásamt frágangslitum í kringum glugga og hurðir. Að öðru leyti eru gluggar og hurðir skv. glugga- og hurðateikningu teikningu sem gerð er af framleiðanda og er yfirfarin og staðfest af kaupanda.

FESTINGAR

Festingar fyrir þakborð, bmf vinkla og fyrir aðra byggingarhluta, þar sem alla jafna naglar eru notaðir, fylgja ekki með. Ástæðan er sú að fljótlegast er að nota naglabyssu. Þar sem þær eru til af ýmsu tagi er best að uppsetningaraðili útvegi þá sem passa. Kostnaður vegna þess þáttar er greiddur af kaupanda.

Einnig er það matsatriði uppsetningaraðila hvort skipta eigi út skrúfum fyrir nagla með naglabyssu, slíkt getur mögulega flýtt uppsetningu. Skulu slíkar breytingar gerðar í samráði við hönnuð. Kostnaður við slíkar breytingar er greiddur af kaupanda.

Uppsetningaraðili hefur e.t.v. sínar aðferðir sem krefjast mögulega auka efnis eða festinga, t.d. skrúfur hér og þar. Auka efni sem þarf til þess er greitt af kaupanda.

TEIKNINGAR:

Endanleg hönnun og uppáskrifaðar teikningar fylgja ekki með. Kaupandi sér um endanlega hönnunarvinnu, s.s. staðsetningu húss á lóð, afstöðumynd, breytingar á húsi o.s.fr. í samráði við sinn hönnuð. Kaupandi útvegar hönnuð í verkið. Landshús vísar alfarið á Eflu í þeim málum, en kjósi kaupandi að fara aðrar leiðir í því þá er honum frjálst að gera það. Þóknun fyrir hönnun fer eftir umfangi hverju sinni og er samningsatriði milli hönnuðar og kaupanda. Öll hönnunarvinna og hönnunargögn (fyrir utan ítarlegar leiðbeiningar sem fylgja með stöðluðu húsi) er greidd af kaupanda.

LEIÐBEININGAR:

Leiðbeiningar fyrir staðlað hús af gerðinni Hrím fylgja með sem gera einingakerfinu og uppsetningu góð skil. Einnig er aðgengilegt kennslumyndband á vefsíðu Landshúsa sem sýnir uppsetningu á grunnhúsi Jökla Flat sem er gott til hliðsjónar. Leiðbeiningar eru staðlaðar og er ekki breytt m.v. þær breytingar sem kaupandi óskar eftir. **ATH! Þar sem um er að ræða staðlaðar leiðbeiningar skulu þær aðeins vera notaðar sem viðmið og til útskýringa í uppsetningu en ekki sem endanleg uppsetning/uppröðun byggingarhluta, enda má vera að hönnun staðlaðs húss endurspegli ekki endanlega hönnun á umræddu húsi/verkefni.**

ANNAÐ:

Rennur og niðurföll fylgja með húsunum, 2 sett af niðurföllum.

Allt efni burðarefni hússins er styrkleikaflokkað T1 eða sterkara (C24 er notað) og er CE vottað sbr. kafla VIII í mannvirkjalögum.

Afhending og afhendingartími:

Húsin koma ósamsett. Efnið í húsin kemur að hluta í einingum og hluta tilnsið.ð eins og lýsingin að ofan greinir frá.

Afhending fer fram í Hafnarfirði. Kaupandi sér um flutning þaðan á byggingarstað.

Áætlaður afhendingartími er 16 vikur eftir staðfesta þöntun eða fyrir.

Geymsla efnis fram að uppsetningu:

Húsin afhendast í pakkningum sem þola léttu rigningu í stuttan tíma. Pakkningar geta þó staðið úti í lengri tíma, einkum yfir björtustu mánuði ársins, undir eftirliti. Efnið kemur á brettum, pakkað inn í plast (nema í botni, þar er brettið opið). Svo lengi sem plastið sé ekki fjarlægð og staðsetning pakkninga er við góða loftun er ekki hætt á að efnið skemmist.

Glugga og hurðir skal taka úr plasti og geyma á þurrum og vel loftræstum stað. Rýmið þarf ekki að vera upphitað, einungis þurrt og vel loftræst.